




AKUREYRARBÆR - MIÐBÆR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

MATSLÝSING

SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006



ÚTGÁFA 0.0

17.07.2013

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ



KOLLGÁTA
arkitektúr - hönnun



LANDSLAG

1	Viðfangsefni	2
1.1	Aðdragandi og tilgangur	3
2	Forsendur	4
2.1	Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð	4
2.2	Staðhættir	4
2.2.1	Samgöngur og bílastæði	5
2.2.2	Göturými, gróður og opin svæði	5
3	Skipulagsleg staða	6
3.1	Aðalskipulag	6
3.1.1	Aðlaðandi byggð	6
3.1.2	Fjölbreytt landnotkun	7
3.1.3	Góð tengsl við byggð og náttúru	7
3.1.4	Vistleg göturými og torg	7
3.2	Breyting á aðalskipulagi	7
3.3	Deiliskipulag	8
4	Umhverfismat	11
4.1	Áhrifapættir	11
4.1	Umhverfisþættir	11
4.2	Umhverfisviðmið	12
4.3	Valkostir	12
4.4	Aðferðarfræði	12
5	Kynning, samráð og ferli	13
5.1	Kynning og samráð	13
5.2	Skipulagsferli	14

1 Viðfangsefni

Akureyrarbær hefur skipað miðbæjarnefnd vegna vinnu við gerð deiliskipulags miðbæjar Akureyrar. Nefndin hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins ásamt ráðgjafafyrirtækjunum Kollgátu ehf. og Landslagi ehf.

Vegna vinnu við gerð deiliskipulags er þörf á að gera breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Ástæðan er að sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi fyrir miðbæinn er ekki að öllu leyti í samræmi við þá stefnumörkun sem mótuð hefur verið vegna fyrirhugaðrar vinnu við gerð deiliskipulags fyrir miðbæinn. Vegna þessa er þörf á að endurskoða þá stefnu sem sett er fram fyrir hvert þeirra svæða sem miðbænum er skipt í skv. gildandi aðalskipulagi.

Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á landnotkun aðalskipulagsins eins og hún er sýnd á þéttbýlisuppdraetti. Sú breyting verður þó gerð á þéttbýlisuppdraetti aðalskipulags að ekki verður lengur gert ráð fyrir *nýrri strandlínu, útgrafinni* eða síki frá Torfunefi inn að Skipagötu.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar (aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfalli) taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður unnið deiliskipulag fyrir miðbæ Akureyrar. Ekki verður gerð skipulagslýsing vegna vinnu við deiliskipulag þar sem heimilt er að falla frá henni skv. 3 mgr. 40. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010. Í þeirri grein segir að heimilt sé að falla frá gerð lýsingar ef allar meginforsendur liggi fyrir í aðalskipulagi. Með meginforsendum er átt við stefnu um áherslur og uppbyggingu landnotkunarreita svo sem varðandi nánari notkun á einstökum reitum, þéttleika og byggðamynstur eða umfang auðlindanýtingar. Í breytingu á aðalskipulagi verður tekið á öllum þessum meginforsendum fyrir miðbæ Akureyrar og því verður ekki gerð skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag.

Breyting á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagi fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna liðar 10. i. *Stofnbrautir í þéttbýli* í viðauka 1, í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og því er þörf á að gera matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Í stað þess að vinna tvær lýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi eru þær sameinaðar í eina lýsingu í samræmi við gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsing þessi samanstendur því af eftirfarandi:

- *Lýsing á skipulagsverkefni*
 - o *Samkvæmt 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010*
- *Matslýsing vegna vinnu við breytingu á aðalskipulagi*
 - o *Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*

Unnin verður matslýsing vegna vinnu deiliskipulag fyrir miðbæ Akureyrar.

1.1 Aðdragandi og tilgangur

Árið 2004 var stofnuð sjálfseignarstofnunin *Akureyri í öndvegi* af nokkrum fyrirtækjum á Akureyri með það að markmiði að efla miðbæ Akureyrar. Stofnunin hélt alþjóðlega hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjarins árið 2005 í kjölfar viðamikils samráðs við íbúa og fulltrúa atvinnulífsins. Graeme Massie Architects frá Skotlandi hlutu fyrstu verðlaun í samkeppninni. Haldið var áfram að þróa vinningstillöguna í samstarfi bæjaryfirvalda og Alta ehf. á árunum 2008 - 2009 og var útkoman úr því tillaga að deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar, austurhluta. Í febrúar 2010 var tillaga að deiliskipulagi sett í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli og barst töluverður fjöldi athugasemda.

Helstu athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar árið 2010 voru eftirfarandi:

- Andstaða gegn síki.
- Of há hús, of mikið skuggavarp.
- Of fá bílastæði.
- Of mikill kostnaður.
- Of mikil þétting byggðar, of mikið byggingarmagn.
- Endurgerð Torfunefsbyggju.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir austurhluta miðbæjar Akureyrar var ekki samþykkt af bæjaryfirvöldum fyrir bæjarstjórnarkosningar í maí 2010.

Nýr meirihluti tók til starfa að loknum bæjarstjórnarkosningum vorið 2010 og vinna við deiliskipulag fyrir miðbæ Akureyrar var sett í bið, m.a. vegna þeirra athugasemda sem gerðar voru við auglýsta tillögu.

Síðla hausts 2012 hófst að nýju undirbúningsvinna vegna deiliskipulags fyrir miðbæ Akureyrar með stofnun miðbæjarnefndar sem hefur umsjón með deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar. Ákveðið var að hafa þá tillögu að deiliskipulagi sem auglýst var í ársbyrjun 2010 til hliðsjónar við vinnu við nýtt deiliskipulag en að nýta þá tillögu ekki með beinum hætti. Í vinnu við deiliskipulag miðbæjar Akureyrar verður leitast við að taka tillit til þeirra athugasemda sem fram komu við áður auglýsta tillögu fyrir miðbæ Akureyrar.

Ákveðið var að stækka skipulagssvæðið til muna frá þeirri tillögu sem auglýst var 2010 og láta mörkin ná yfir það deiliskipulag sem í gildi er fyrir miðbæinn og nærsvæði frá árinu 1981 (sjá nánar í kafla 3.3).


Tilgangur með breytingu á aðalskipulagi verður að samræma þær áherslur sem verða í vinnu við deiliskipulag miðbæjar Akureyrar við aðalskipulag Akureyrar (sjá nánar í kafla 3.2).

2 Forsendur

2.1 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð

Svæðið sem breyting á aðalskipulagi nær til er miðbær Akureyrar, það svæði sem skilgreint er sem *miðsvæði*, *miðbær* (2.41.2 M, 2.41.3 M og 2.41.4 M) ásamt því svæði sem skilgreint er sem blönduð landnotkun á núverandi íþróttavelli Akureyrarbæjar, *opin svæði til sérstakra nota / íbúðarsvæði / verslunar- og þjónustusvæði* (2.32.6 O/Íb/V).

Stærð þess svæðis sem breytingin nær til er alls um 21,2 ha að flatarmáli.



Mynd 1. Hluti aðalskipulags Akureyrar 2005-2018, miðbær Akureyrar og nágrenni.

2.2 Staðhættir

Óhætt er að fullyrða að bæjarstæði Akureyrar sé glæsilegt. Pollurinn, brekkurnar og fjöllin gefa bænum mjög sterkan svip. Húsin í miðbænum gefa svo þetta sérstaka yfirbragð sem Akureyringar halda í og dregur að gesti. Auk einstakrar staðsetningar og bæjarstæðis er eitt mikilvægasta sérkenni Akureyrar sú sögulega fjölbreytni sem í byggingarsögu bæjarins er fólgin. Nýjar byggingar

standa við hlið gamalla, stórar við hlið lítilla með fjölbreyttan byggingarstíl og yfirbragð. Fyrir vikið er umhverfið auðugt, fjölbreytt, mannlegt og áhugavert.

Miðbær Akureyrar einkennist af tiltölulega lágreistri byggð. Í sjálfum miðbæjarkjarnanum, þ.e. við Ráðhústorg, Hafnarstræti og nærliggjandi götur, einkennist byggðin af samfelldum húsaröðum meðfram götum, gjarnan 3-4ra hæða en fer hæst í 6 hæðir. Á jöðrum miðbæjarsvæðisins til suðurs og norðurs einkennist byggðin fremur af stakstæðum lægri byggingum.

Í miðbænum er nokkuð um óbyggðar lóðir og víða þarfnast bæjarmyndin þess að vera styrkt og skýrð, þótt byggðarmynstur miðbæjarins hafi í heild mjög ákveðin einkenni.

Í miðbænum er blönduð landnotkun verslunar, þjónustu og íbúðarbyggðar, þar sem hlutur íbúðarbyggðar er þó tiltölulega lítill. Þar er að finna fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi, s.s. ýmsa sérvöruverslun, banka, hótél og gistiheimili, veitingahús, kvikmyndahús, sýningarsali og söfn.

2.2.1 Samgöngur og bílastæði

Glerárgata/Drottningarbraut liggur að miðbæjarsvæðinu og um það. Hún þjónar bæði þjóðvegaumferð, sem á leið gegnum Akureyri og umferð milli miðbæjar og annarra bæjarhluta. Allar götur miðbæjarins eru opnar fyrir bílaumferð, ýmist tvístefnu- eða einstefnugötur.

Í miðbænum er talsverður fjöldi bílastæða. Meðfram Glerárgötu og Drottningarbraut eru stór bílastæði á vegum Akureyrarbæjar, auk stæða á fyllingu við Torfunef, við Hólabraut og götustæða meðfram akbrautum. Þá er nokkur fjöldi bílastæða á einkalóðum. Óverulegur hluti bílastæða í miðbænum er í bílastæðakjöllurum.

Skiptistöð strætisvagna og aðstaða leigubíla er við Hofsbót en aðstaða langferðabíla við Hafnarstræti/Austurbrú.

2.2.2 Göturými, gróður og opin svæði

Engin almenn garðsvæði eru innan sjálfs miðbæjarins ef frá er talinn neðsti hluti Skátagils sem opnast niður í Hafnarstrætið frá vestri og við norðurmörk miðbæjarsvæðisins er Akureyrarvöllur.

3 Skipulagsleg staða

3.1 Aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er sérstök áhersla lögð á miðbæinn. Umfjöllun og áherslur fyrir miðbæinn eru í samræmi við niðurstöður íbúðapings og hugmyndasamkeppni frá árunum 2004-2005 á vegum sjálfseignastofnunarinnar *Akureyri í öndvegi*. Sett er fram stefna fyrir miðbæinn og skipulagsrammar lagðir fyrir einstaka reiti hans, meðal annars á grundvelli vinningstillögu hugmyndasamkeppninnar og annarra vinningstillagna.

Miðbænum er skipt í 20 svæði og eru skilgreindir ítarlegir deiliskipulagsrammar fyrir hvert þessara svæða. Almenn ákvæði fyrir miðbæinn eru í greinargerð aðalskipulagsins en einnig sérákvæði fyrir hvert áðurnefndra 20 svæða ásamt sérákvæðum fyrir 4 jaðarsvæði miðbæjarins.

Af þessum 20 svæðum sem miðbænum er í skipt í eru 18 þeirra innan þess svæðis sem deiliskipulag miðbæjar Akureyrar mun ná yfir og auk þess er eitt jaðarsvæði innan skipulagsmarkana; íþróttavallarsvæðið.

Í aðalskipulaginu er einnig sett fram framtíðarsýn fyrir miðbæ Akureyrar:

Skipulag miðbæjar Akureyrar endurspeglar ásetning bæjaryfirvalda um að miðbærinn verði þungamiðja mannlífs og menningar á Akureyri jafnt sem Norðurlandi öllu. Byggingar í miðbænum mynda aðlaðandi borgarumhverfi og bæjarrými sem einkennast af góðri byggingarlist þar sem tekið er tillit til minja og sögu, landslags og nálægðar við sjóinn. Þar sé helsti vettvangur samverustunda og hátíðarhalda bæjarbúa.

Til að ná fram þessari framtíðarsýn er sett fram nánari stefna fyrir miðbæinn sem byggir á fjórum þáttum.

3.1.1 Aðlaðandi byggð

- Efla skal sérkenni sjónræns yfirbragðs og byggðarmynsturs miðbæjar Akureyrar, en þau eru fólgin í hæð, byggingarstíl og fyrirkomulagi húsa.
- Efla skal byggð í miðbænum í því skyni að gera bæjarmynd miðbæjarkjarnans heilsteyptari en hún er nú. Uppbyggingu verði eftir föngum beint í miðbæjarkjarnann til að stuðla að því að markmiðum um eflingu miðbæjarins sem þungamiðju mannlífs, menningar, verslunar og þjónustu verði náð.
- Varðveita ber þær byggingar og götummyndir sem vegna aldurs, sögu eða byggingarstíls þykja hafa sérstakt gildi og vera mikilvægar fyrir byggðarmynstur, yfirbragð og sérkenni miðbæjarins.
- Við nýbyggingar og viðhald gamallar byggðar skal stefnt að aðlaðandi bæjarmynd og heilsteyptu yfirbragði miðbæjarins.

3.1.2 Fjölbreytt landnotkun

- Styrkja skal stöðu miðbæjar Akureyrar sem hjarta bæjarlífsins og þungamiðju verslunar og þjónustu á Norðurlandi þannig að fólk eigi erindi í miðbæinn, staldri þar við og líði vel.

3.1.3 Góð tengsl við byggð og náttúru

- Bæta skal tengsl miðbæjarins við ströndina og sjóinn.
- Tryggja skal góðar samgöngur og aðgengi allra ferðamáta við og um miðbæinn.
- Tryggja skal tengsl miðbæjar við umhverfi og náttúru með grænum leiðum sem ganga inn að miðbænum frá nærliggjandi byggð og skapa aðlaðandi leiðir að og frá miðbænum.

3.1.4 Vistleg göturými og torg

- Göturými og torg í miðbæ Akureyrar eigi þátt í að skapa bæjarmynd sem einkennist af vönduðu, hlýlegu og fallegu umhverfi sem veitir íbúum og gestum vellíðan og ánægju.
- Tryggja skal öruggar og greiðar samgöngur allra ferðamáta um miðbæinn.
- Göturými og torg í miðbæ Akureyrar verði vettvangur mannfagnaða og menningarviðburða og óformlegur samkomustaður bæjarbúa og gesta jafnt sumar sem vetur.
- Unnið verði að því að nýta ljós og lýsingu til að glæða miðbæinn lífi og sérkennum að vetri.

Nánari stefnumið er að finna í greinargerð aðalskipulagsins ásamt deiliskipulagsrömmum og skilmálum fyrir einstaka reiti miðbæjarins.

3.2 Breyting á aðalskipulagi

Sú framtíðarsýn sem sett er fram fyrir miðbæ Akureyrar mun haldast óbreytt og er í samræmi við þá stefnu sem sett hefur verið vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag miðbæjar Akureyrar. Aftur á móti eru ýmiss þeirra nánari stefnumiða sem sett eru fram fyrir hvern þátt hér að ofan ekki í samræmi við stefnu fyrirhugaðs deiliskipulags.

Þá eru ýmsir almennir skilmálar sem aðalskipulagið setur deiliskipulagsgerð í miðbænum, ásamt skilmálum einstakra reita innan miðbæjarsvæðisins um byggðarmynstur, verndun, landnotkun, fyrirkomulag bílastæða, lóðir og göngu- og sjóntengsl, ekki í samræmi við stefnu fyrirhugaðs deiliskipulags.

Vegna þeirra atriða sem nefnd eru hér að ofan er þörf á að gera breytingu á gildandi aðalskipulagi.

Í fyrirhugaðri vinnu við deiliskipulag miðbæjar Akureyrar er gert ráð fyrir að miðbænum verði skipt í 6 svæði og verða sérstakir skilmálar settir fyrir hvert þessara svæða. Gert er ráð fyrir að sama skipting verði notuð í breytingu á aðalskipulagi og komi í stað þeirra svæðisskiptingar sem er í gildandi aðalskipulagi.

3.3 Deiliskipulag

Samhliða vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður unnið deiliskipulag fyrir miðbæ Akureyrar ásamt nærsvæðum.



Mynd 2. Fyrirhugað afmörkun deiliskipulags miðbæjar Akureyrar.

Innan þess svæðis sem fyrirhugað deiliskipulag mun ná til er í gildi deiliskipulag fyrir fjögur svæði. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag fyrir þessi svæði verði felld úr gildi með gildistöku deiliskipulags fyrir miðbæ Akureyrar, en þeir skilmálar sem við eiga í hverju tilfelli verða nýttir við gerð deiliskipulags fyrir miðbæ Akureyrar.


- *Deiliskipulag miðbæjar Akureyrar, staðfest 13. maí 1981.*

Í greinargerð skipulagsins er gildistími þess ákvarðaður til ársins 2000. Deiliskipulagið ætti því að vera fallið úr gildi en þar sem annað deiliskipulag hefur ekki öðlast gildi er litið svo á að það sé enn í gildi.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagi miðbæjarins og var sú síðasta samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 20. mars 2012. Í þeirri breytingu var feldur úr gildi sá hluti deiliskipulagsins sem er sunnan Kaupvangsstrætis um leið og nýtt deiliskipulag öðlaðist gildi fyrir það svæði; *Deiliskipulag miðbæjar, Drottningarbrautarreitir.*

- *Deiliskipulag norðurhluta miðbæjar Akureyrar, staðfest 17. september 1996.*


Með gildistöku þessa skipulags var feldur úr gildi sá hluti deiliskipulags miðbæjar Akureyrar frá 1981 sem nær yfir sama svæði. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagi norðurhluta miðbæjar Akureyrar.



Mynd 3. Gildandi deiliskipulag miðbæjar Akureyrar frá 1981, með síðari breytingum. Inn á myndina hefur verið sett deiliskipulag norðurhluta miðbæjar Akureyrar frá 1996.

- *Deiliskipulag - Strandgata, staðfest 22. júní 1993.*


Skipulagið tekur aðeins til Strandgötu austan Glerárgötu og bílastæða norðan götunnar.



Mynd 4. Gildandi deiliskipulag Strandgötu frá 1993

- *Deiliskipulag, Torfunef - Strandgata, staðfest 8. nóvember 2005.*

Markmið deiliskipulagsins var aðallega að gera mögulega byggingu menningarhússins Hof.



Mynd 5. Gildandi deiliskipulag Torfunef - Strandgötu frá 1993

4 Umhverfismat

Þar sem breyting á aðalskipulagi Akureyrar fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana verður unnin umhverfisskýrsla sem verður hluti greinargerðar aðalskipulagsbreytingar.

Umvhverfisskýrslan verður unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis ásamt þeim gögnum sem til eru frá því unnið var að tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbær Akureyrar árið 2010 (m.a. umhverfisskýrsla deiliskipulagstillögu).

4.1 Áhrifaþættir

Með þessu hugtaki er átt við hvaða þættir aðalskipulagsbreytingarinnar eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum.

Ekki er fyrirfram talið að margir áhrifaþættir muni valda umhverfisáhrifum í kjölfar framkvæmdar aðalskipulagsbreytingar. Breyting á aðalskipulagi mun að mestu vera breyting á skilmálum fyrir uppbyggingu í miðbæ Akureyrar.

Eftirfarandi áhrifaþættir eru þeir sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum í fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi:

- Ekki verður lengur gert ráð fyrir að grafið verði síki frá Torfunefi inn að Skipagötu
- Ekki verður lengur gert ráð fyrir að bílastæði verði fyrst og fremst í bílajakjöllurum
- Húshæð nýrra bygginga í kjarna miðbæjarins takmarkast við 3-4 hæðir í stað 4-5 hæða

4.1 Umhverfisþættir

Umvhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulagi.

Farið var yfir og metið hvaða þættir í umhverfinu gætu möguleg orðið fyrir áhrifum vegna stefnu breytingar á aðalskipulagi og umhverfisþættir valdir út frá því mati. Matið byggir að mestu á þeim þáttum sem metnir voru í umhverfisskýrslu deiliskipulagstillögu frá 2010.

Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar verða eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Hagrænir þættir
- Samfélagslegir þættir
- Heilsa og öryggi
- Ásýnd og sjónræn áhrif

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum.

4.2 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulagi hefur í för með sér.

Í breytingu á aðalskipulagi Akureyrar verða eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) *Jákvæð áhrif á umhverfispátt.*
 - *Breyting á aðalskipulagi styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.*
- (0) *Óveruleg áhrif á umhverfispátt.*
 - *Breyting á aðalskipulagi hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.*
- (-) *Neikvæð áhrif á umhverfispátt.*
 - *Breyting á aðalskipulagi vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.*

4.3 Valkostir

Gert er ráð fyrir að metin verði og borin saman áhrif breytingar á aðalskipulagi við líklega þróun umhverfis án framfylgdar breytingarinnar, svokallaðan núll kost.

4.4 Aðferðarfræði

Umhverfisáhrifin verða metin út frá þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Framsetning umhverfismats verður í formi texta og venslatafla.

5 Kynning, samráð og ferli

5.1 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi eða umhverfismat breytingar á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - o *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
 - o *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun,*
 - o *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.*
- *Veitustofnanir*
- *Vegagerðin*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Akureyrarbæjar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og mun hún liggja frammi á skrifstofu Akureyrarbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.akureyri.is

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan ásamt tillögu að deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á opnum íbúafundi.

5.2 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

<i>26. júní 2013</i>	Haldinn var opin íbúafundur þar sem kynntar voru fyrstu hugmyndir að deiliskipulagi miðbæjar ásamt skipulags- og matslýsingu.
<i>Júlí 2013</i>	Skipulags- og matslýsing samþykkt af skipulagsnefnd og bæjarstjórn. Skipulags- og matslýsing kynnt.
<i>Júlí - ágúst 2013</i>	Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar. Samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
<i>September 2013</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar 11. sept. og kynnt íbúum. Bæjarstjórn tekur tillöguna fyrir 17. sept. og afgreiðir í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.
<i>Október 2013</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir eða gefa heimilt til að auglýsa.
<i>Nóv. – des. 2013</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
<i>Janúar – febr. 2014</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á ný á fundi skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulagsnefnd og bæjarstjórn.
<i>Febrúar – mars 2014</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til yfirferðar sem hefur allt að fjórar vikur til að staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda.